

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Arnarskóla

Skólinn tekur á móti umsóknum allan ársins hring í gegnum skráningarform af heimasíðu skólans og foreldrar/forráðamenn skila inn umsókn til síns sveitarfélags eftir verklagi sveitarfélags.

Skólinn er opinn börnum með einhverfu eða önnur þroskafrávik sem þurfa einstaklingskennslu og/eða stuðning stóran hluta dagsins til þess að læra og dafna.

Inntökuteymi skólans metur hverja umsókn í samvinnu við fræðslufirvöld í sveitarfélagi nemandans. Sérstaklega er horft til þess hvort skólinn geti mætt þörfum nemandans með þeirri þjónustu sem hann býður upp á. Umsóknir eru metnar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og mati fulltrúa skólans á nemandanum.

Eftirfarandi skjöl þurfa að fylgja umsóknum um skólavist í skólanum:

- Útfyllt umsókn
- Umsagnir frá öðrum skólum/stofnunum
- Greiningar frá viðurkenndum sérfræðingum/stofnunum

Inntökuteymi:

Inntökuteymi Arnarskóla tekur umsóknir til umfjöllunar. Inntökuteymi er skipað skólastjóra og að minnsta kosti tveimur sérfræðingum skólans s.s. atferlisfræðingum, þroskajálfum eða sálfræðingum.

Inntökuferli:

- Útfyllt umsóknarform berst skólanum ásamt fylgiskjöllum, þar með töldu upplýstu samþykki foreldra/forráðamanna fyrir frekari upplýsingaöflun.
- Umsækjendur koma í viðtal og fá kynningu á skólanum.
- Starfsmaður skólans fer í leikskóla/skóla nemandans, ræðir við nemandann (ef þess er kostur), fylgist með honum við leik og störf og aflar upplýsinga frá starfsmönnum þar.
- Inntökuteymi skoðar fyrirliggjandi gögn og fjallar um umsóknina, kallar eftir frekari gögnum ef þörf krefur og afgreiðir umsókn í samráði við fulltrúa fræðslufirvalda í sveitarfélagi nemandans.
- Ákvörðun teymis byggir á fyrirliggjandi gögnum, viðtölum og vettvangsathugunum að teknu tilliti til laga um grunnskóla nr. 91/2008 með hagsmuni nemandans að leiðarljósi.
- Ef umsóknir eru fleiri en laus pláss í Arnarskóla er við forgangsörðun meðal annars tekið tillit til stuðningsþarfa nemandans, félagslegrar stöðu og hvenær umsókn barst.
- Afgreiðsla umsóknarinnar er kynnt umsækjendum. Ef umsókn er synjað eftir ofangreint inntökuferli eru foreldrar/forráðamenn upplýstir um að hægt sé að óska eftir frekari rökstuðningi inntökuteymis og þeim gefinn kostur á að tjá sig um synjunina. Ef umsókn er synjað eftir rökstuðning foreldra/forráðamanna skulu þeir upplýstir um kærurétt skv. 47.gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Ef nemandi er fær inngöngu í Arnarskóla er móttökuáætlun (í samræmi við reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010) á þessa leið:

- Heimsóknir til nemandans og/eða heimsóknir umsækjanda í Arnarskóla eru skipulagðar í samráði við þá sem best þekkja til hans og starfsfólks Arnarskóla.
- Skilafundur er haldinn um stöðu nemandans með aðilum frá þeim skóla sem nemandinn kemur, starfsmönnum Arnarskóla og öðrum þeim sem rétt þykir að boða.
- Ráðstafanir gerðar varðandi hjálpartæki og aðbúnað sé þess þörf.
- Teymi fyrir nemandann skipulagt og tryggt að allir fái nauðsynlegar upplýsingar um nemandann.
- Í fyrstu viku nemandans í Arnarskóla er aðlögun og samráðsfundir með foreldrum/forráðamönnum.
- Gert er ráð fyrir því að gerð einstaklingsáætlunar verði lokið eigi síðar en 6 vikum eftir að nemandi hefur skólagöngu í Arnarskóla. Einstaklingsáætlun skuli unnin í samvinnu við nemandann, foreldra/forráðamenn hans og með tilliti til styrkleika hans og þarfa og þess sem unnið var með í þeim skóla/leikskóla sem nemandinn kemur frá. Í einstaklingsáætlun verður gerð grein fyrir því hvernig staðið skuli að stuðningi til náms, félagslegrar þátttöku og námsmati.

Útskrift nemenda úr Arnarskóla

Ekki síðar en í 9. bekk skal hefja vinnu við tilfærsluáætlun eins og lýst er í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskólum. Í áætluninni skal vera skýrt hvernig staðið verði að vali á framhaldsskóla/grunnskóla og hvernig valmöguleikar verða kynntir.

Við allar útskriftir, bæði að loknu grunnskólanámi og við tilfærslu nemenda frá Arnarskóla í aðra grunnskóla gildir eftirfarandi:

- Öllum nemendum Arnarskóla kemur til með að fylgja einstaklingsáætlun síðasta skólaárs, skýrsla um styrkleika og þarfir nemandans, sem og greinagerð um hvernig staðið er að aðlögun umhverfis og hvernig komið er til móts við þarfir nemandans svo honum líði sem best og fái notið styrkleika sinna.
- Við gerð skýrslunnar skal leitast við að fá álit nemandans, foreldra/forráðamanna og annarra sérfræðinga sem koma að vinnu með nemandanum.
- Áður en til útskriftar kemur verður leitast við að nemandinn heimsæki þann móttökuskóla sem hann stefnir á. Fjöldi þeirra heimsókna og fyrirkomulag verður skipulagt í samstarfi starfsfólks Arnarskóla, nemanda, foreldra/forráðamanna hans og móttökuskóla.

Við tilfærslu í annan grunnskóla gildir eftirfarandi:

- Foreldrum/forráðamönnum er alltaf heimilt að flytja nemanda í annan grunnskóla.
- Ef nemandi, foreldrar/forráðamenn, fagteymi nemandans í Arnarskóla eða fræðsluyfirvöld í heimabyggð nemanda telja að betur verði komið til móts við hann í öðrum skóla skal fara fram mat í samvinnu fagteymis Arnarskóla og fulltrúa sveitarfélags.

- Ef foreldrar/forráðamenn, fagteymi Arnarskóla og fræðsluyfirvöld í heimabyggð nemanda eru sammála um að hag nemanda sé betur búið í öðrum skóla skal hefja vinnu við tilfærsluáætlun eins og lýst er hér að ofan.
- Alltaf skal leitast við að tilfærsla nemenda úr Arnarskóla sé gerð í samráði allra aðila sem að málinu koma. Ef til ágreinings kemur um tilfærslu nemanda og reynt hefur verið til þrautar að leysa hann, skal skólastjóri Arnarskóla taka endanlega ákvörðun í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla, sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010. Ákvörðun skólastjóra skal taka tillit til heildarhagsmuna nemandans sem og álits sérfræðinga og foreldra/forráðamanna. Ákvörðun skólastjóra skal tilkynna skriflega hlutaðeigandi aðilum málsins. Ákvörðun skal vera rökstudd og hlutaðeigandi upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

„Reglur þessar eru settar á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 149/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.“